

Re: RE: Re: Skátafélagið Svanir - samstarfssamningur

Til : Kári Jónsson
Frá : Gjaldkeri Svana <gjaldkeri@svanir.is>
CC : stjorn@svanir.is <stjorn@svanir.is>; Arnór Svarfdal <svarfdal@gmail.com>
Heiti : Re: RE: Re: Skátafélagið Svanir - samstarfssamningur
Málsnúmer : 2003233
Málsaðili : Íþróttafulltrúi Garðabæjar
Skráð dags : 12.03.2020 16:20:13
Höfundur : Gjaldkeri Svana <gjaldkeri@svanir.is>

Sæll

Afsakaðu sein svör. En ég fékk samþykki frá stjórn í síðustu viku um að hægt væri að ganga frá þeim samningi sem lagður er til.

Það mundi því henta okkur vel ef við gætum skrifað undir í næstu viku

Kveðja
Aðalbjörg

On Thu, 12 Mar 2020 at 16:12, Kári Jónsson <Karijo@gardabaer.is> wrote:

Góðan dag!

Ég hef verið að eltaf við að ná sambandi við stjórn Svana til að ganga frá samningum við félagið.

Arnór Bjarki eða Aðalbjörg viljið þið vinsamlegast slá á þráðinn til mín eða senda mér símanúmer ykkar sem ég má hringja í. Númerið sem þið vísið á svarar mér ekki.

Kveðja, Regards,

Kári Jónsson

Íþrótta-, tómstunda- og forvarnafulltrúi Garðabæjar

Department for Sport and Leisure

5258548/8208548

From: Kári Jónsson

Sent: 27.02.2020 13:24:17

To: 'Gjaldkeri Svana'

CC: Arnór Svarfdal ;Björg Fenger;Eiríkur Björn Björgvinsson

Subject: RE: Re: Skátafélagið Svanir - samstarfssamningur

Góðan dag!

Meðfylgjandi er nýr samstarfssamningur Garðabæjar við Svani sem nær til næstu þriggja ára. Hann er samhljóða þeim sem gildir fyrir síðasta á reins og við ræddum við þá undirritun.

Vegna aðkomu Svana að framkvæmd 17.júní og sérstakrar greiðslu vegna þess þá er staðan sú að til að halda megi úti morgundagskrá (10:00-12:00) á Álftanesi er þörf á umsjónaraðila með henni. Í því felst:

1. Skrúðganga með fánum í broddi fylkingar
2. Fánahylling við sviðið meðan fjallkona talar og dagskráin er sett
3. Taka á móti hoppuköstulum og setja þá í gang
4. Taka saman hoppukastala til flutnings í lok dagskrár á Álftanesi
5. Annað sem Svanir vilja gera til að fylla inn í morgundagskrána
6. Vera með gæslu á hátíðarsvæðinu á Álftanesi

Garðabær er tilbúinn að greiða Svönum fyrir þetta kr. 400þ

Vífill sér um að ráða viðburðastjóra sem heldur utan um heildardagskrána, auglýsingar og kynningar í samvinnu við bæinn. Svanir þurfa ekki að greiða neina skemmtikrafta eða annað. Sviðið verður væntanlega á palli flutningabíls og hljóðkerfi frá Garðalundi.

Vinsamlegast segið til um hvaða tími hentar ykkur til að skrifa undir samninginn og til að ræða aðkomu að 17. Júní.

Kveðja, Regards,

Kári Jónsson

Íþrótta-, tómstunda- og forvarnafulltrúi Garðabæjar

Department for Sport and Leisure

5258548/8208548

From: Gjaldkeri Svana <gjaldkeri@svanir.is>

Sent: miðvikudagur, 5. febrúar 2020 20:44

To: Kári Jónsson <Karijo@gardabaer.is>

Cc: Arnór Svarfdal <svarfdal@gmail.com>; Björg Fenger <bjorg.fenger@gardabaer.is>; Eiríkur Björn Björgvinsson <eirikurbjorn@gardabaer.is>

Subject: Re: Re: Skátafélagið Svanir - samstarfssamningur

Sæll

Við hjá Svönum erum sáttn við þriggja ára samning sem væri samhljóða þeim samningi sem við gegnum frá í desember vegna 2019. Væri ekki gott ef þú gætir sett upp drög að þeim samningi og sent okkur.

Varðandi 17. júní þá þurfa Svanir að setja af stað smá vinnu hvað við erum megn að gera og taka að okkur. Einnig þyrftum við að gera kostnaðargreiningu á þeim kostnaðarliðum er tengjast hátíðarhöldunum.

Gott ef við getum sett niður tímaramma varðandi hvenær við viljum setjast niður og ræða 17. júní og einnig hvenær við stefnum á að undirrita nýjan samning fyrir 2020-2022

Bestu kveðjur

Aðalbjörg

gjaldkeri Svana

On Thu, 30 Jan 2020 at 10:36, Kári Jónsson <Karijo@gardabaer.is> wrote:

Góðan dag

Við skulum stefna á að skrifa undir nýjan þriggja ára samning milli Garðabæjar og Svana sem fyrst. Sá samningur er samhljóða þeim sem við skrifuðum undir í desember.

Að auki viljum við ræða við ykkur aðkomu að 17. júní hátíðarhöldunum. Eru Svanir tilbúnir til að sjá alfarið um þann hluta hátíðarhaldanna sem eru á dagskrá um morguninn? Vífill hefur séð um alla dagskrána en vill losna undan þessum hluta, og þar sem þetta er á ykkar félagssvæði er nærtækast að bjóða Svönum að sjá um þennan þátt. Um er að ræða skrudgöngu sem þið hafið haft og fánahillingu, heiðursstöðu við ávarp fjallkonunnar auk umsjónar með stuttri skemmti og leikjadagskrá fyrir yngri kynslóðina.

Fyrir þetta fengi félagið ákveðna þóknun en um leið er þetta jákvætt samfélagsverkefni.

Kveðja/Regards,

Kári Jónsson
Íþróttafulltrúi Garðabæjar /Director of Sport activities
GSM/Mobil: +354 820 8548

From: Gjaldkeri Svana

Sent: 06.01.2020 19:09:32

To: Arnór Svarfdal

CC: Kári Jónsson; Arnór Bjarki Arnarson Svarfdal ; Björg Fenger; Eiríkur Björn Björgvinsson

Subject: Re: Skátafélagið Svanir - samstarfssamningur

Sæl öll og gleðilegt ár

Vil byrja á að þakka fyrir samstarfssamninginn sem skrifað var undir 17. desember síðastliðinn við Skátafélagið Svani.

Í framhaldi af því óskar Skátafélagið Svanir að gengið verði frá 3 ára samstarfssamningi við félagið eins og fram kemur í samningnum vegna 2019.

Bestu kveðjur og vonast til að heyra sem fyrst frá ykkur

Aðalbjörg

Gjaldkeri Skátafélagsins Svana

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

--

[Kveðja](#)

[Gjaldkeri Svana](#)

--

[Kveðja](#)

[Gjaldkeri Svana](#)